



Pétur Benediktsson til Stefáns Jóh.  
Stefánssonar, utanríkisráðherra. 11. mars,  
sendiráðinu, London

Bjarni Benediktsson – Pétur Benediktsson til Stefáns Jóh. Stefánssonar, utanríkisráðherra. 11. mars,  
sendiráðinu, London

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Ref: F.11/1.

11. marz 1941.

Herra utanríkismálaráðherra,

Þegar eg réðist í þjónustu Viðskiftanefndar fyrir rúmu ári, varð það að samkomulagi að laun mín skyldu vera £:100 á mánuði. Eg hefði, er eg samdi um þetta atriði við nefndina, bent á til samanburðar laun nokkurra af fyrri starfsbræðrum mínum við danska sendiráðið, er mér þótti hið nýja starf mitt helst samberilegt við, og voru þau frá tæpum £:110 (Press Attaché) til rúmlega £:125 (Counsellor, Agricultural Attaché, Naval Attaché) á mánuði.

Skömmu síðar brýttist staða mín, sem kunnugt er, þannig að mér var falið sendifulltrúastarf fyrir ríkisstjórnina, í stað þess að vera aðeins á vegum nefndarinnar. Nú er það svo, að vandi fylgir vegsemd hverri, og eru meiri kröfur gerðar til manns í þeirri stöðu, er mér var síðar fengin, en í hinni fyrri, og er meiri kostnaður óhjákvæmilegur. Hefði því verið eðlileg nokkur launahækkun, og ef aftur hefði mátt gera samanburð við fyrri starfsbræður mína, sem að framan voru nefndir, hlaut starf mitt að teljast kostnaðarsamara en þeirra, og voru þeir þó ekki taldir hafa meira en hefileg laun neinn þeirra. En enginn getur búizt við launahækkun nema hann saki um hana sjálfur, og hefi eg því engum að álasa. Hinsvegar kunní eg því illa að láta það verða mitt fyrsta verk, er mér hefði verið fengin ný trúnaðarstaða, að heimta hækkun á launum, sem eftir íslenskum mælikvarða hlutu að teljast mjög há. Vildi eg því fyrst sjá, hversu mér entust þau laun, er ákveðin höfðu verið, þótti og viðfelldnara, að ríkisstjórnin hefði haft tækifæri til að mynda sér skoðun um það, hvort eg væri starfinu vaxinn, áður en hún þyrfti að taka afstöðu til kröfu um aukio endurgjál.

Herra utanríkismálaráðherra  
Stefán Jóh. Stefánsson,  
Reykjavík.

Nú/



Nú er hinsvegar svo komið, að eg þykist ekki lengur geta látið hjá líða að fara fram á launhækkun. Eg hefi, af reynslu, sannfærst um það, að laun þau, sem um var samið í fyrra eru alls-endis ónóg. Er það í sjálfu sér ólýgnasta vitnið um að svo sé, að fjárhagur minn hefir versnað til töluverðra muna, síðan eg kom í stjórnarinnar þjónustu, og þykist eg þó ekki hafa lifað neinu óhófslífi. Máli mínu til frekara stuðnings vil eg nefna nokkur atriði.

Eins og að framan segir, hefði það í raun réttari verið eðlilegt, að laun mín hefðu verið hækkuð samtímis því að mér var fengin meiri virðingar- og ábyrgðarstaða. Þótt enginn etlist á þessum tímum til sömu risnu og búizt væri við á friðartímum, er nokkur gestrisni þó óhjákvæmileg fyrir mann í minni stöðu, ef starfið á að vera forsvaranlega rékt. Með Lundúna-verðlagi er þetta tilfinnanlegur útgjaldaliður, en hitt mun viðurkennt, að þá er verr farið en heima setið, ef fulltrúi landsins fær það orð, að hann veiti ekki gestum sínum með sóma. Eg hefi reynt að rekja þessa hlið starfsins eins vel og efni hafa staðið til, en hefði þó stundum kosið að geta gert það betur. En öruggleikarnir vaxa með hækkanði verðlagi, og einnig kemur til greina, að nú er oftar en áður óhjákvæmilegt að hjóða gestum sínum á matsöluhús eða í klúbba, vegna þess að öruggra er til matfanga heima fyrir. Allt leiðir þetta til aukins kostnaðar.

Þá er að minnast frekara á það, að verðlag allt hefir stór-hækkað á síðasta ári. Nenni eg ekki að fara fram dæmi um það, sem öllum er kunnugt, en get um eitt atriði, sem ekki hefir bætt í búi, sem sé viðskiftaskattinn (Purchase Tax), er gekk í gildi í nóvember og nemur frá 25% til 33 $\frac{1}{3}$ % Diplómatar eru ekki undanþegnir þessum skatti. Veldur þessi skattur tilfinnanlegri verðhækkun á mörgum vörum, en er þó engar vegir einn um að hækka verðlagið.

Verðhækkun/



Verðhækkun á öllum hlutum heima á Íslandi veldur því og, að eg hefi aukinn kostnað af dvöl fjölskyldu minnar þar, og fleira mætti sjálfsagt tína til máli mínu til stuðnings. En aðalatriðið er það, að núverandi laun mín hafa lengi verið ónóg til þess að halda í horfinu, hvað þá meira, og að þetta verður tilfinnanlegra með hverjum mánuði sem líður.

Með tilvísun til þess, sem að framan er skráð, vil eg leyfa mér að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að laun mín verði hækkuð, og bygg eg, að öllu athuguðu, að eg sýni ekki ósanngirni með því að fara fram á þriðjungs hækkun. Mér er ljóst, að erfitt kann að vera að láta slíka hækkun gilda fyrir líðinn tíma, en vil þó mega beiðast þess, að hin nýju launakjör verði látin gilda frá áramótum, ef ríkisstjórnin sér sér fært að verða við umsókn minni.

Mér væri kart, ef eg mætti venta svars við þessarri umsókn sem fyrst.

Með sérstakri virðingu

(Sign.) Pétur Benediktsson

---